

Nd.

251. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 frá 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

20. gr. laga nr. 78 frá 19. júní 1933 orðist svo:

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Kreppulánasjóðs án endurgjalds. Þó er ráðherra heimilt að ákveða, að bankastjórum Búnaðarbankans, nema aðalbankastjóra, sé greidd allt að 3000 kr. aukapóknun hvorum úr Kreppulánasjóði árið 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Greinargerð.

Stjórn Kreppulánasjóðs skipa nú 3 menn, og hafa þeir að launum kr. 7200,00 hver. Einn þeirra er aðalbankastjóri Búnaðarbankans, er hefir þar að launum kr. 19200,00, annar er bankastjóri í sama banka, með kr. 7200,00 launum. Miklum hluta lánveitinganna úr Kreppulánasjóði verður lokið um áramót, og virðist auðvelt fyrir stjórn Búnaðarbankans að annast sjóðstjórnina, þegar frá næstu áramótum, endurgjaldslaust, að öðru leyti en því, að á næsta ári gæti verið sanngjarnt að greiða bankastjórunum aukapóknun, öðrum en aðalbankastjóranum, sem hefir mjög há laun fyrir.